

## BREYTING Á DEILISKIPULAGI - GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið við Árnas í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gildandi skipulag er gert árið 2002. Fyrir liggja ýmsar breytingar á skipulaginu og hafa þær verið færðar inn á uppdrátt sem birtur er hér fyrir neðan.

Breytingin felst í því að byggingarheimildir á íbúðalóðum við Heiðargerði og Hamragerði eru rýmkaðar. Heimilt verður að vera með kjallara á íbúðarlóðum þar sem aðstæður og landhæð gefa tilefni til.

Breyting þessi er óveruleg og í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2019.

## SKILMÁLAR

Gildandi skilmálar um íbúðarlóðir eru samkvæmt breytingu á deiliskipulagi svæðisins sem staðfest var í sveitarstjórn 20.02.2019:


1. Heimilt er að byggja íbúðarhús á einni hæð ásamt bílskúr, sambyggðan eða stakan. Húsagerð er frjáls.
2. Mænishæð má vera allt að 5 m mælt frá gólfplötu í mæni.
3. Að minnsta kosti tvö bílastæði skulu vera innan lóðamarka.

## EFTIR BREYTINGU:

1. Heimilt er að byggja íbúðir ásamt bílskúrum á einni hæð. Bílskúrar geta verið sambyggðir eða stakir. Húsagerð er frjáls. Við Hamragerði og Heiðargerði er heimilt (þar sem aðstæður og landhæð leyfa) að vera með kjallara undir húsum. Ef ekki er unnt að tengja frárennsli kjallara við viðtaka í götu ber lóðahafi allan umfram kostnað af fráveitu lausnum.

2. Mænishæð má vera allt að 5.0 m mælt frá gólfkóta aðalhæðar og upp fyrir mæni. Gólfkóti aðalhæðar er tilgreindur á lóðablöðum.


3. Að minnsta kosti tvö bílastæði skulu vera við hverja íbúð innan lóðamarka.



Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samkvæmt 2. og 3. mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. þann \_\_\_\_\_




Samþykkt deiliskipulagsbreytingar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



Úr Aðalskipulagi 2017-2029  
Ekki í kvarða

Uppdráttur gildandi deiliskipulags þéttbýlisins við Árnas  
Ekki í kvarða

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR  
ÞÉTTBÝLIÐ VIÐ ÁRNES  
DEILISKIPULAGSBREYTING



*Sigurður U. Sigurðsson*

27.03.2023 SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279